

Nr. 4.  
f 14.  
febrúar.

## Lög

um

greiðslu verkkaups.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur,  
 Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
 Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
 samþykki Voru:

### 1. gr.

Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema verkkaupið sje hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sjerstaklega um samið.

### 2. gr.

Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og fer um greiðslu þess eins og segir í 1. gr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 14. febrúar 1902.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Erlæggelse af Arbejdsløn.

Nr. 4.  
14de  
Februar.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

Arbejdsløn skal erlægges med gangbare Penge til alle Arbejdere og Daglejere ved Handelsforretninger, Fabriker og Miner, til Søfolk og andre Arbejdere paa Dæksfartøjer, som gaa paa Fiskeri eller Hvalfangst, være sig Sejlskibe eller Dampskebte, med mindre Arbejdslønnen bestaar i en vis Andel i selve Fangsten, saa og til Arbejdere og Daglejere, som i Land udfører et hvilket som helst til Skibenes Udrustning henhørende Arbejde, og maa Lønnen ikke erlægges ved Kompensation, medmindre der forud er truffet en særlig Overenskomst i saa Henseende.

### § 2.

Udføres et bestemt Arbejde ved en af de i § 1 ommeldte Erhvervsgrene for bestemt Betaling (Akkord), forholdes med dens Erlæggelse som i § 1 fastsat.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 14de Februar 1902.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

**Christian R.**

(L. S.)

*Alberti.*

---

Ministeriet for Island, den 14de Februar 1902.

*Alberti.*

---

*Ólafur Halldórsson.*